



HRUNAMANNAREPPUR



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR



SKEIÐA- OG
GNÚPVERJAHREPPUR

Seyrustjórn



FLÓAHREPPUR



BLÁSKÓGABYGGÐ



ÁSAHREPPUR

10. fundur seyrustjórnar var haldinn að Flúðum, mánudaginn 12. júní 2023 kl. 14:00.

Fundinn sátu:

Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps og umsjónaraðili seyruverkefnisins

Árni Eiríksson, oddviti Flóahrepps

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps

Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar

Jón Bjarnason, oddviti Hrunamannahrepps

Nanna Jónsdóttir, varaoddviti Ásahrepps

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Haraldur Þór Jónsson.

1. Rekstrarform seyruverkefnis.

Fyrir fundinn liggur minnisblað sem unnið er af Guðjóni Bragasyni hdl. um rekstrarform seyruverkefnisins. Guðjón kemur inn á fundinn í fjarfundarbúnaði til að ræða minnisblaðið og svarar spurningum. Umræða og spurningar skapast um rekstrarformið.

Í samræmi við minnisblaðið og umræðu fundarins er talið skynsamlegast að kanna með ítarlegri hætti að breyta núverandi rekstrarformi yfir í einkahlutafélag. Formanni og framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.

2. Starfsmannamál.

Samþykkt að bjóða núverandi þjónustufulltrúa framlengingu á starfi til 31. desember 2023. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá nýjum samningi.

3. Framtíðarlosun og landgræðslugirðing.

Rætt um landgræðslugirðinguna og að nauðsynlegt sé að setja upp nýja girðingu þar sem núverandi girðing er illa farin. Með nýrri girðingu stækkar svæðið fyrir losun verulega og tryggir losunarsvæði til næstu áratuga. Fyrir liggur að Landgræðslan tekur þátt í 50% af kostnaði við girðinguna og 50% muni lenda á seyruverkefninu. Samþykkt er að seyruverkefnið taki þátt í þessum kostnaði. Gera þurfi ráð fyrir þessum kostnaði í fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:45.

Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 19. júní kl. 10:30